

**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2017/949****2018/EES/42/06****frá 2. júní 2017****um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 að því er varðar samsetningu auðkenniskóðans fyrir nautgripi og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2004 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 820/97 <sup>(1)</sup>, einkum c-lið 3. mgr. 4. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1760/2000 er mælt fyrir um reglur um auðkenningu og skráningu nautgripa. Í því skyni gera kleift að rekja flutninga á nautgripum er í þeirri reglugerð kveðið á um að öll dýr skulu vera auðkennd með a.m.k. tvenns konar auðkenningum, sem tilgreindar eru í I. viðauka við reglugerðina, sem bera sama einkvæma auðkenniskóðann. Auðkenningar sem eru tilgreindar í þeim viðauka ná yfir hefðbundið eyrnamerki og rafrænt kennimerki í formi rafræns eyrnamerkis, vambarstauts eða stunguörmerkis.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 1760/2000, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) nr. 653/2014 <sup>(2)</sup>, er kveðið á um reglur um samsetningu auðkenniskóðans sem skal mæla fyrir um með framkvæmdargerðum.
- 3) Til að samræmast stöðlunum sem Alþjóðlegu staðlasamtökin (ISO) setja fram fyrir auðkenningu dýra er heppilegasta samsetning auðkenniskóðans fyrir nautgripi annaðhvort tveggja bókstafa landskóði eða þriggja tölustafa landskóði og einstaklingsbundinn kóði fyrir viðkomandi dýr sem samanstendur af að hámarki 12 stöfum.
- 4) Að auki ætti samsetning auðkenniskóðans, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, að tryggja starfsemi innri markaðarins, ekki aðeins að því er varðar nautgripi heldur líka að því er varðar sauðfé og geitur, ef slíkrar samsetningar á auðkenniskóðanum er krafist í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 <sup>(3)</sup>, óháð því hvers konar auðkenning er innleidd í mismunandi aðildarríkjum.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 143, 3.6.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 653/2014 frá 15. maí 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1760/2000 um rafræna auðkenningu nautgripa og merkingar nautakjöts (Stjtið. ESB L 189, 27.6.2014, bls. 33).

<sup>(3)</sup> Reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17. desember 2003 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita og breytingu á reglugerð (EB) nr. 1782/2003 og tilskipunum 92/102/EBE og 64/432/EBE (Stjtið. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8).

- 5) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2004 <sup>(1)</sup> er sett fram kerfisbundið form sem er notað til að auðkenna upprunaaðildarríki ásamt upplýsingum um einstök dýr sem eiga að fá sýnileg eyrnamerki. Þetta kerfisbundna form auðkenningar er tveggja bókstafa landskóði ásamt einstaklingsbundnum kóða dýrs sem samanstendur af að hámarki 12 stöfum.
- 6) Samsetning auðkenniskóðans fyrir nautgripi ætti að gilda bæði fyrir hefðbundin eyrnamerki og rafræna auðkenningu og slíkar kóðar ættu að vera rekstrarsamhæfðir, útskiptanlegir á rafrænan hátt og lesanlegir í öllum aðildarríkjunum. Til samræmis við það ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 911/2004 þannig hún vísi í auðkenniskóðann sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 7) Í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 911/2004 er kveðið á um að Spánn, Írland, Ítalía, Portúgal og Bretland megi halda sínu kerfi með alstafakóða fyrir tölustafina 12, sem koma á eftir landskóðanum, að því er varðar dýr á Spáni, Írlandi, Ítalíu og Portúgal sem eru fædd fyrir 31. desember 1999 og að því er varðar dýr í Bretlandi sem eru fædd fyrir 30. júní 2000. Þar eð reglunum um samsetningu auðkenniskóðans fyrir nautgripi, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, er ætlað að koma í stað þeirra sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 911/2004 ætti einnig að kveða á um fyrrgreinda undanþágu í þessari reglugerð.
- 8) Í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1760/2000 er kveðið á um að aðildarríkin verði að koma upp tölvuvæddum gagnagrunni fyrir nautgripi þar sem lögbært yfirvald aðildarríkisins verður að skrá auðkenniskóða fyrir nautgripi. Að auki er sett fram í 4. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar frá og með hvaða dagsetningu aðildarríkin verða að tryggja fullt rekstrarhæfi innviða sem þarf til að unnt sé að nota rafrænt kennimerki sem opinbera auðkenningu fyrir nautgripi. Þessir innviðir ná yfir tölvuvædda gagnagrunninn.
- 9) Í því skyni að greiða fyrir snurðulausum umskiptum úr hefðbundnum eyrnamerkjum yfir í rafræna auðkenningu er rétt að mæla fyrir um tímabundnar ráðstafanir fyrir skráningu auðkenniskóðans fyrir nautgripi í tölvuvædda gagnagrunninn þar til fullt rekstrarhæfi innviða, sem þörf er á til að aðildarríkin geti notað rafrænt kennimerki, er tryggt.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

#### **Efni og gildissvið**

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um samsetningu auðkenniskóðans fyrir nautgripi eins og kveðið er á um í c-lið 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1760/2000.

*2. gr.*

#### **Samsetning auðkenniskóðans fyrir nautgripi**

Auðkenniskóðinn fyrir nautgripi skal koma fram á auðkenningunni sem hér segir:

- a) fyrsti þáttur auðkenniskóðans skal vera landskóði aðildarríkisins þar sem auðkenningin var fyrst notuð, annaðhvort í formi tveggja bókstafa kóða eða þriggja tölustafa kóða eins og tilgreint er í viðaukanum,

<sup>(1)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2004 frá 29. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 að því er varðar eyrnamerki, vegabréf og jarðabækur (Stjtið. ESB L 163, 30.4.2004, bls. 65).

- b) annar þáttur auðkenniskóðans skal vera einstaklingsbundinn talnakóði dýrs sem samanstendur af að hámarki 12 tölustöfum; þó mega Írland, Spánn, Ítalía, Portúgal og Bretland halda sínu kerfi með alstafakóða fyrir tölustafina 12, sem koma á eftir landskóðanum, að því er varðar dýr á Írlandi, Spáni, Ítalíu og Portúgal sem eru fædd fyrir 31. desember 1999 og að því er varðar dýr í Bretlandi sem eru fædd fyrir 30. júní 2000.

3. gr.

#### Tölvuvæddur gagnagrunnur

Lögbært yfirvald aðildarríkis getur skráð auðkenniskóða í tölvuvædda gagnagrunninn fyrir nautgripi, eins og kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1760/2000, annaðhvort í formi tveggja bókstafa kóða eða þriggja tölustafa kóða, sem um getur í a-lið 2. gr. þessarar reglugerðar, óháð landskóðanum sem kemur fram á auðkenningunni, að því tilskildu að fullur rekjanleiki nautgripa sé tryggður.

4. gr.

#### Breytingar á reglugerð (EB) nr. 911/2004

Reglugerð (EB) nr. 911/2004 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 2. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„2. Stafirnir sem mynda auðkenniskóðann á eyrnamerkjunum skulu vera eins og mælt er fyrir um í 2. gr. framkvæmdareglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/949 (\*).“

---

(\*) Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/949 frá 2. júní 2017 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 að því er varðar samsetningu auðkenniskóðans fyrir nautgripi og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2004 (Stjtið. ESB L 143, 3.6.2017, bls. 1).“

- 2) Ákvæði I. viðauka falli brott.

5. gr.

#### Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. júní 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

## VIÐAUKI

Landskóðar eins og um getur í 2. gr.:

Aðildarríki	Tveggja bókstafa kóði	Þriggja tölustafa kóði
Belgía	BE	056
Búlgaríá	BG	100
Tékkland	CZ	203
Danmörk	DK	208
Þýskaland	DE	276
Eistland	EE	233
Írland	IE	372
Grikkland	EL	300
Spánn	ES	724
Frakkland	FR	250
Króatía	HR	191
Ítalía	IT	380
Kýpur	CY	196
Lettland	LV	428
Litáen (Lietuva)	LT	440
Lúxemborg	LU	442
Ungverjaland	HU	348
Malta	MT	470
Holland	NL	528
Austurríki	AT	040
Pólland	PL	616
Portúgal	PT	620
Rúmenía	RO	642
Slóvenía	SI	705
Slóvakía	SK	703
Finnland	FI	246
Svíþjóð	SE	752
Bretland	UK	826

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/214 2018/EES/42/07****frá 30. nóvember 2016****um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 að því er varðar að bæta áldufti í skrána yfir forefni sprengiefna í II. viðauka (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 frá 15. janúar 2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna <sup>(1)</sup>, einkum 12. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 98/2013 eru talin upp forefni sprengiefna sem falla undir samræmdar reglur um aðgengi almennra borgara að þeim og tryggja viðeigandi tilkynningar um grunsamleg viðskipti með þessi efni, hvarf þeirra og þjófnað á þeim í gegnum alla aðfangakeðjuna.
- 2) Efnin, sem eru skráð í II. viðauka, eru aðgengileg almennum borgurum en falla undir tilkynningarskyldu sem tekur bæði til atvinnunotenda í gegnum alla aðfangakeðjuna og almennra borgara.
- 3) Aðildarríki hafa sýnt fram á að álduft hafi verið notað við gerð heimatilbúinna sprengiefna í Evrópu og keypt í þeim tilgangi.
- 4) Markaðssetning og notkun áldufts er, eins og sakir standa, ekki samræmd á vettvangi Sambandsins. Hið minnsta eitt aðildarríki takmarkar þó aðgang almennra borgara að duftinu og Alþjóðatollastofnunin vaktar sendingar af áldufti um allan heim til að greina tilvik um ólögleg viðskipti með fyrrgreint efni sem er ætlað til framleiðslu forefna fyrir heimatilbúin sprengiefni.
- 5) Í ljósi hættunnar eða umfangs þeirra viðskipta sem tengjast áldufti getur þróun misnotkunar á því, eins og sakir standa, ekki réttlætt takmarkaðan aðgang almennra borgara að efninu.
- 6) Nauðsynlegt er að auka eftirlit til að gera landsyfirvöldum kleift að koma í veg fyrir og greina mögulega ólöglega notkun þessara efna sem forefni sprengiefna og unnt er að ná þessu fram með því að nota tilkynningarkerfið sem komið var á fót samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 98/2013.
- 7) Í ljósi þeirrar hættu sem stafar af aðgengi að áldufti og að teknu tilliti til þess að tilkynningarskylda varðandi efnið muni hvorki hafa veruleg áhrif á rekstraraðila né neytendur er réttlætanlegt og í samræmi við meðalhóf að bæta þessu efni í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 98/2013.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 34, 9.2.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 39, 9.2.2013, bls. 1.